

Páskakveðja




Rafræn Páskakveðja er skemmtileg leið til þess að minna á sig og búa um leið til tilefni fyrir viðtakandann að heimsækja heimasíðu fyrirtækisins og fræðast um möguleg framtíðarkaup. Páskakveðja bætir einum samskiptum við á árinu og sé hún skemmtilega framsett eykur hún tryggð viðtakandans og um leið arðsemi fyrirtækisins.

Hvernig?

Smelltu á **Verkefni** og stofnaðu tölvupóstsferil undir **Ferlar**. Reyndu að hafa kveðjuna þína í karakter fyrirtækisins en einnig eins páskalega og þú getur. Mundu að páskarnir eru tími sem fjölskyldur hittast, elda góðan mat, spila og njóta samvista saman. Ef kveðjan þín getur aukið gæðastundir fjölskyldunnar með einhverjum þá er líklegt að hún hitti í mark.




Ef þú hefur ekki tök á því að tengja vöru eða þjónustu við páskana og þær gæðastundir sem þeim fylgja þá skaltu hafa páskakveðjuna eins hlýlega og þú getur. Það kostar heldur ekkert að koma með hugmyndir sem gera páskana enn betri. Til dæmis að benda á góða bók, bíómynd, tónleika eða jafnvel skemmtilega gönguleið fyrir göngutúrinn.



Af hverju?

Að minna á sig með skemmtilegri páskakveðju eykur tryggð viðskiptavina þinna og getur aukið umferð um heimasíðu eða Facebooksíðu fyrirtækisins með möguleika á framtíðarsölu eða samskiptum.



Hvað þarf ég að kunna?

- Stofna feril • Kunna að búa til seinkun • Kunna helstu leiðirnar að ræsa feril